

EFTIRLITSSKÝRSLA

H.B. Grandi Akranesi Akranes



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	31.5.2016	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálf Friðgeirsson
Fyrirtæki	H.B. Grandi Akranesi	Eftirlitsmaður	Halla Einarsdóttir
Heimili	Bárugata 8-10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5411850389	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Almar Sigurjónsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Erlendur, Guðmundur og Jörgen	Staðsetning	350582,068 427101,867

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Í eftirlitinu komu áfram fram frávik frá kröfum um losun í fráveitu (sjá eftirlitsskýrslu 2014, liður 1) og einnig mælist útblásturshraði enn of lágur (sjá eftirlitsskýrslu 2015). Athugasemd er áfram gerð við áætlun um varnir gegn loftmengun, en samkvæmt starfsleyfinu skal uppfæra áætlunina á árs fresti.

Tvö frávik voru skráð í eftirliti 2016 og ein athugasemd var gerð.

UMFANG EFTIRLITS

Dagskrá:

1. Fundur
 - a. Útblásturshraðamælingar og niðursláttur útblásturs
 - b. Afsog úr verksmiðjunni og áhrif á svifagnir og COD
 - c. Frárennismælingar á síðustu vertíð og niðurstöður þeirra
 - d. Hönnun og uppsetning á loftræstikerfi og endurnýjun á aðalreykhafi
 - e. Yfirferð yfir kröfur í starfsleyfi, mælingar, skráningar, áætlanir, og skýrsluskil
2. Skoðun á verksmiðju

Eftirlitið hófst á fundi. Mætt voru Gottskálf Friðgeirsson og Halla Einarsdóttir frá Umhverfisstofnun, Almar Sigurjónsson, Guðmundur Hannesson, Jörgen Sverrisson og Erlendur Stefánsson frá HB Granda.

Hófst fundurinn á umræðum um útblásturshraða og var sýn manna nokkuð mismunandi þar um. Garðar Svavarsson deildarstjóri uppsjávarsviðs HB Granda skrifaði bréf í nóvember sl. þar sem hann bendir á að þær mælingar sem gerðar hafa verið á síðustu árum séu í útblæstri frá kynditækjum þ.e. gufuköttlum og loftþurrkum en ekki hafi verið mældur útblásturshraði í skorsteini fyrir afsogsloft. Áætlað var að mæla útblásturshraða í skorsteini fyrir afsogsloft á næstu loðnuvertíð (mars sl.) en enn hafa þær niðurstöður ekki borist Umhverfisstofnun. Rekstraraðili bendir á að með því að minnka afsog (blásari keyrður niður úr 50 Hz í 35 Hz) en með bættri stýringu á afsogi (samið hefur verið við verktaka um hönnun og uppsetningu á loftræstikerfi í verksmiðjunni ásamt endurnýjun á aðalreykhafi) megi gera ráð fyrir að tilskildum mörkum sé náð auk þess sem tap á fiskimjöli í gegnum afsog minnki og um leið náist fram lækkun á gildum fyrir COD og svifagnir í fráveitu. Þar sem téðum framkvæmdum er enn ólokið telst útblásturshraði frá verksmiðjunni enn frávik frá kröfum í starfsleyfi.

Garðar bendir á að lofthraði í skorsteini frá gufuköttlum og loftþurrkum sé háður álagi á viðkomandi tæki og mælingar síðustu ára sýni að útblásturshraði sveiflist á milli ca. 7 m/sek upp í 24 m/sek. Mælingar frá mars sl. gefa niðurstöður upp á 12,2 m/sek (meðaltal) í skorsteini fyrir loftþurrkara en 9,1 m/sek (meðaltal) í skorsteini fyrir olíuketil.

Rekstraraðili skal mæla fitu, svifagnir og COD (efnafræðilega súrefnisþörf) í frárennsli frá verksmiðjunni. Heimilt er að draga frá magn þessarar efna í sjósýni sem tekið er samhliða frárennissýnatökunni. Niðurstöður mælinga sem gerðar voru á loðnuvertíðinni í mars sl. sýna að magn svifagna í frárennsli frá þvottaturnum er 61,3 g / tonn unnins hráefnis (að fráregnum svifögnum sem mælast í sjósýni), magn svifagna í frárennsli frá fitugildrum mælist 104,4 g / tonn unnins hráefnis (aftur eru magn svifagna í sjósýninu dregnar frá). COD (þvottaturnar) mælist hins vegar yfir mörkum, 29,6 kg/tonn að fráregnu 19,7 kg/tonn í sjósýninu. Enn er þetta því frávik frá kröfum (losunarmörkum) í starfsleyfi þó von sé til þess að afsogsstýring lækki þessi gildi.

Bent var á að Félag Íslenskra fiskimjölsframleiðenda hafi fundað með Umhverfisstofnun í apríl 2015 og þaðan sé að vænta kröfu fyrir hönd fiskimjölsverksmiðja á Íslandi um endurskoðun á losunarmörkum fyrir ryk í útblæstri frá olíuköttlum. Ábyrgðarmanni eftirlits er ekki kunnugt um að erindi þar um hafi borist stofnuninni.

Heildarúttekt í frárennsli skv. grein 5.2 í starfsleyfi barst stofnuninni 27. maí sl. og tekur til mælinga á fitu, svifögnum og COD og fór sýnataka fram á loðnuvertíð í mars 2016 og einnig var sýni tekið úr frárennsli þegar unnin var afskurður af botnfisktegundum í apríl 2016.

Skoðuð var áætlun um varnir gegn lyktarmengun, og bent á athugasemd frá fyrra ári um að uppfæra þurfi áætlunina vegna breyttra forsendna. Einnig er bent á kröfu í grein 2.9 í starfsleyfi verksmiðjunnar um að áætlun um varnir gegn lyktarmengun skuli endurskoða á árs fresti. Áætlunin er dagsett 22.09.14.

Skoðaðar voru skýrslur um TVN mælingar og almennt er hráefni mjög ferskt þegar það er unnið. Loðnuvinnsla stóð óvenju stutt yfir í vor, hófst 8. mars og lauk 18. mars.

Haldið er utanum kvartanir í miðlægum gagnagrunni. Engin kvörtun hefur borist stofnuninni frá síðasta eftirliti.

Grænu bókhaldi hefur verið skilað ásamt staðfestingu á að losun þeirra sé undir þröskuldsgildum fyrir útstreymisbókhald.

Haldið var í skoðunarferð um verksmiðjuna. Verksmiðjan vinnur úr afskurði á virkum dögum allt árið um kring í lítilli vinnslulínu sem tekin var í gagnið 2014. Stærri vinnslulínan var ekki í gangi og var síðast notuð í loðnuvertíðinni sem lauk í 18. mars sl. Unnið var að viðhaldi og vinnslu í litlu framleiðslulínunni þar sem tekið er á móti afskurði. Snyrtilegt um að lýtast í verksmiðjunni.

Frávik frá

grein 2.13 í starfsleyfi um tilskilin lofthraða í skorsteinum.

Ath. Umhverfisstofnun getur samþykkt lægri lofthraða. Í því tilviki þarf rekstraraðili að láta reikna út mögulegt loftdreifilíkan og rökstyðja með þeim hætti að minni lofthraði í strompi hafi ekki aukin umhverfisáhrif.

grein 2.17, losunarmörk í frárennsli.

COD (efnafræðileg súrefnisþörf) mælist yfir mörkum í sýnum sem tekin voru í mars (9,9 kg tonn)-þvottaturnar og apríl (6,6 kg/tonn)-afskurður.

Í báðum tilvikum er COD í sjó frádregið.

Lýsing á fráviki

Ólokið er hönnun og breytingu á afsogi til stýringar á lofthraða. Lofthraðamælingum sem lofað var á loðnuvertíð í mars 2016 hafa ekki borist stofnuninni.

COD í sýni úr frárennsli skal ekki fara yfir 1,5 kg/tonn hráefnis.

Heimilt er að draga frá COD í sjósýni sem tekið er á sama tíma.

ATHUGASEMDIR

Athugasemd er áfram gerð við áætlun um varnir gegn loftmengun, en samkvæmt starfsleyfinu skal uppfæra áætlunina á árs fresti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 29.06.2016



Gottskálk Friðgeirsson